



Varmahlíðarskóli - Vorskýrsla

2021-2022

Hanna Dóra Björnsdóttir ábyrgðarmaður

Anna Lilja Guðmundsdóttir tók saman



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Skólaárið 2021-2022.....	5
Annáll 2021-2022	9
Bókasafn Varmahlíðarskóla	14
Byrjendalæsi.....	16
Læsismenning 2021 - 2022.....	17
Endurmenntun	19
<i>Teymisvinna 1. - 4. bekkjar 2021-2022.....</i>	<i>22</i>
Teymisvinna - miðstigs - 5.-7. bekkur 2021 - 2022.....	23
Teymisvinna starfsmanna 2021-2022	24
Teymisvinna íþróttá- og verkgreinakennara	25
Félagsmál Varmahlíðarskóla veturinn 2021-2022.....	26
Árshátíð yngsta stigs 2022.....	28
Árshátíð miðstigs.....	29
Árshátíð unglíngastígs	30
Eineltisáætlun Olweusar.....	33
Frístund veturinn 2021 - 2022.....	33
Gaman saman.....	36
Heilsueflandi grunnskóli	38
Heilsugæsla.....	39
Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur febrúar 2022	40
Dvöl 9. bekkjar að Laugarvatni haustið 2021	41
Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk.....	42
Náms- og starfsráðgjöf	43
Nýsköpunarkeppni grunnskóla.....	43
Sérkennsla og stuðningur við nemendur	44
Náms- og starfsráðsgjafi.....	46
Nemendaverndarráð	46



Talmeinafræðingur	46
Sálfræðingur	46
Skólahreysti	47
Upplestrarhátíð 7. bekkjar 2022.....	48
Tölvu- og upplýsingatækni	49
Valgreinar í 8. – 10. bekk	50
Vinaliðaverkefnið.....	52
Skólaferðalag 1. - 4. bekkjar	53
Vorferð 5. Bekkjar.....	54
Skólaferðalag 6. - 7. bekkjar 23. maí 2022	55
Skólaferðalag 8. og 9. Bekkjar	55
Danmerkurferð 10. bekkjar	56
Teymiskennsla á unglíngastigi	57
Vinadagar yngsta stigs.....	58
Vinadagar miðstigs	58
Listalestin 2021 - 2022.....	59
Ytra mat	60



Inngangur

Vorskýrsla er hluti af skólanámskrá Varmahlíðarskóla. Í vorskýrslunni (ársskýrslu skólaársins) er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2021-2022. Vorskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess. Skýrslan er nokkurs konar svörun við starfsáætlun skólans frá hausti og samantekt á hvernig unnist hefur úr markmiðum og áformum sem þar var lagt upp með. Starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Einnig má ávallt nálgast á heimasíðu ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Í vorskýrslunni birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Höfunda er getið við hverja greinagerð. Önnu Lilju er þökkuð verkstjórn og ut anumhald um efnisöflun í skýrsluna og Láru Gunndísi þakka ég yfirlestur á skýrslunni allri. Stjórnendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla þakkar öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2021-2022 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.



Skólaárið 2021-2022

Í Varmahlíðarskóla takast skagfirsk börn á við metnaðarfull verkefni, bæði í leik og starfi. Við væntum þess að skólastarfið sé framsækið en skólinn fái samt notið sjarma sinnar sérstöðu sem sveitaskóli. Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, staðsettur í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Skólasetning og fyrsti skóladagur var 26. ágúst. Vegna covid, þá mættu nemendur hvers skólastigs í sínar heimastofur þar sem umsjónarkennarar tóku á móti þeim. Skólastjóri fór á milli kennslustofa og ávarpaði nemendur. Nemendur í 1. bekk voru boðnir sérstaklega velkomnir sem og aðrir nemendur sem komu nýir inn í aðra árganga. Allnokkrir foreldrar fylgdu börnum sínum af stað þennan fyrsta skóladag en flestir höfðu komið með skólabílnum að morgni. Skóladagurinn var frá klukkan 9:00 til klukkan 12:00 og almenn ánægja með að byrja skólaárið með þessum hætti. Vorið 2022 voru nemendur skólans 107 talsins og hafði fjölgað um 4 nemendur frá skóalbyrjun. Sameiginleg umsjón var á öllum skólastigum og lagt var upp með aukna teymiskennslu og samvinnu. Yngsta stig var að mestu í daglegu starfi tvískipt (annars vegar 1.-2. bekkur og hins vegar 3.-4. bekkur). Útfærsla teymiskennslu og samkennslu tók mið af viðfangsefnum, þörf hópa og aðstæðna hverju sinni.

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	alls	Umsjónarkennarar
1.bekkur	6	4	10	Hrund Malín Þorgeirsdóttir og Sara Gísladóttir
2.bekkur	7	3	10	
3.bekkur	2	7	9	Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís Guðlaug Skúladóttir
4.bekkur	2	11	13	
5.bekkur	4	6	10	Helga Sigurðardóttir, Sigrún Benediktsdóttir og
6.bekkur	8	5	13	Þyrey Hlífarsdóttir
7.bekkur	4	5	9	
8.bekkur	7	5	12	Íris Olga Lúðvíksdóttir, Ólafur Atli Sindrason og
9.bekkur	6	6	12	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
10.bekkur	5	4	9	
Samtals:	51	56	107	

Skólaárið er tvískipt, í haust- og vorönn. Skólastarfið var fjölbreytt að vanda og ber skýrsla þessi því góðan vitnisburð. Allnokkuð var þó óhefðbundið á þessu skólaári, sérstaklega vegna aðstæðna samfélagsins í glímunni við faraldur covid-19. Samfélagslegar takmarkanir settu því skorður að fresta þurfti samkomum, árshátíð yngsta- og miðstigs var frestað í nóvember og fór fram í apríl, líkt og árshátíð unglíngastigs sem hefði átt að vera í janúar.



Hið hefðbundna skólastarf hélt sér að mestu, þar sem sett fjöldaviðmið voru lengst af 50 manns og almenn rými undanskilin. Innan þeirrar umgjörðar var okkur kleift að aðlaga flest án þess að algjöra uppstokkun þyrfti. Óvissan um fyrirkomulag hékk þó yfir öllu skólastarfi stærstan hluta skólaársins með tilheyrandi álagi og óöryggi. Einnig reyndi á síbreytilegar útfærslur sóttvarnaráðstafana í kringum sóttkví og smit. Við þökkum það lán okkar að ekki reyndi á að loka þyrfti skólanum vegna smits eða smitakningar. Þegar veiran herjaði hvað mest á okkar skólasamfélag, eftir vetrarfrí í febrúar, var búið að aflétta þeim ströngu reglum sem áður giltu. Veikindi og veikindafjarvera nemenda og starfsfólks fékk því að ganga yfir og setti mark sitt á skólastarfið í nokkrar vikur. Þegar covid fór að dvína og sól hækkaði á lofti náðum við að fara með alla nemendur í skíðaferðir og halda glæsilegar árshátíðarsýningar allra skólastiga í Miðgarði með áhorfendum í sal. Það var mikið gleðiefni og mæting aðstandenda og gesta var góð. Eftir páskaleyfi tók við skólastarf samkvæmt venju, hefðbundnir sveitadagar í maí og allir nemendahópar fóru í skólaferðalög. Skólaslitum var flýtt um einn dag, til að halda mætti athöfnina í Miðgarði með álíka hætti og áður tíðkaðist, þar sem nú voru ekki lengur neinar takmarkanir til að aftra okkur frá því að halda fjöldaathöfn. Skólaslit voru haldin hátíðleg þann 30. maí kl. 17:00 í Miðgarði, að viðstöddum öllum nemendum skólans, starfsfólki, aðstandendum og öðrum gestum. Auk tölu skólastjóra fór aðstoðarskólastjóri með annál skólaársins, formenn 10. bekkjar fluttu ávörp, glæsileg tónlistaratriði nemenda settu hátíðlegan blæ á dagskrána og skólasöngurinn var sunginn við góðar undirtektir. Allir nemendur fengu afhenta vitnisburði. Útskriftarnemendur tóku við útskriftarskírteinum og veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Að lokinni athöfn var boðið í kaffi í Varmahlíðarskóla.

Einn starfsmaður var kvaddur á skólaslitum og þökkuð vel unnin störf í þágu skólans og skólasamfélagsins. Það var undirrituð, Hanna Dóra skólastjóri sem gegnt hefur því starfi síðustu sjö árin. Einnig mun Anita Ómarsdóttir láta af störfum í haust, að loknu barneignarleyfi, en hún hefur starfað í mötuneyti síðustu fimm ár. Henni voru einnig þökkuð góð störf.



Í vetur þurftum við að takast á við þá óvæntu og sáru áskorun sem fylgir missi starfsmanns. Við munum minnast Erlu Bjarkar Helgadóttur með hlýhug og þökkum um ókomna tíð.

Starfsmenn skólans voru að jafnaði 34 á skólaárinu en nokkuð var um tímabundnar ráðningar vegna afleysinga. Eftir talsverðan stöðugleika í starfsmannahópnum til margra ára urðu nokkrar mannabreytingar. Nýtt starfsfólk tók til starfa og nokkrir aðrir færðust til í starfi á skólaárinu. Einn kennari kom úr námsleyfi og annar fór í námsleyfi. Tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi auk annars tilfallandi. Þegar þetta er ritað er ekki búið að ganga frá öllum lausum endum við mannráðningar fyrir næsta skólaár en ljóst að áfram verður einhver hreyfing á starfsfólki.

Stjórnendur skólans voru tveir í 2 stöðugildum, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sem hélt einnig utan um stoðþjónustu skólans. Kennarar með réttindi eru 16 að meðtöldum stjórnendum og tveir leiðbeinendur í hlutastarfi við verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 12,3.

Stuðningsfulltrúar voru fjórir frá áramótum í 3,4 stöðugildum. Eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa er að hluta samsett starf frístundasviðs/félagsþjónustu. Skólaliðar (og starfsmenn Frístundar) voru fimm í 4,2 stöðugildum. Einn þroskaþjálfari var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 50% starfi, bókavörður í 40% starfi (skiptist milli skóla og héraðsbókasafns), auk húsvarðar í fullu starfi sem einnig sinnir matarflutningum í leikskólann. Matráðar voru fjórir í 3,3 stöðugildum en þeir elda einnig fyrir leikskólann Birkilund. Sumarið 2022 er fyrsta sumarið þar sem matráður skólans eldar mat fyrir leikskólann út júní.

Ég þakka öllu starfsfólki Varmahlíðarskóla fyrir góð störf á krefjandi tímum.

Varmahlíð, vor 2022

Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri



Annáll 2021-2022

Í dag **kveðjum við skólaárið 2021-22** grímulaus. Vonandi hafa einhverjir fengið sér nýjan varalit í tilefni dagsins. Það þurftu starfsmenn ekki að gera fyrir skólasetningu þegar þeir mættu með grímurnar til starfa í haust. Sóttvarnir settu svip sinn á þetta skólaár eins og árin tvö hér á undan. Skólinn var settur 26. ágúst síðastliðið haust og **hreyfidagar** voru með því fyrsta sem við tókum okkur fyrir hendur, dýrmætir dagar í skólastarfinu. Farið í ýmsa leiki hér við skólann og í gönguferð í Grófagilið þar sem allir áttu notalegan dag. Nemendur sulluðu í ánni og tíndu ber. Síðasta daginn var farið í Krókinn. Þar tóku fótbolta- og körfubolta-, og frjálsíþróttafólk, auk badminton þjálfara á mótum okkur og kenndu nemendum ýmsa tækni. Í hádegishléinu var Litli skógur heimsóttur og gómsætum samlokum sporðrennt frá Lemon.

Það tilheyrir skólabyrjun að kjósa í **nemendaráð**. Að þessu sinni voru Bryndís og Hákon kosin formenn og með þeim störfuðu Ragnhildur Sigurlaug, Eiríkur Jón, Arnar Logi og Friðrik Logi. Varamenn voru Emilia, Trausti Helgi, Bríet, Ævar og Rakel.

9. og 10. bekkur gengu í **Hildarsel** ásamt þeim Óla og Sigfríði, ferð þeirra var skemmtileg og góð samvera hópsins.

Ólympíuhlaup ÍSÍ var hlaupið að venju. Við tókum líka upp þá nýbreytni eftir áramót að ganga **Míluna**. Mílan er skoskt skólaverkefni sem gengur út á það að hefja einn skóladag vikunnar með því að allir í skólanum nemendur og starfsmenn gangi saman vegalengd sem nemur einni mílu. Strax í september hafði **veður** áhrif á skólahald og einn dagur féll niður vegna veðurspár og versnandi útlits.

Í október fór starfsfólk í heimsókn í Blönduskóla og Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga til þess að kynna sér nýlega **uppbyggingu á skólamannvirkjum** þar. Ferðin var fræðandi og gaf okkur hugmyndir sem við búum að, þegar uppbygging hefst hér á næstu misserum. Það eru sannarlega spennandi tímar framundan.



Auk þessarar ferðar fengu starfsmenn kynningu um **teymisvinnu** frá Gunnari Gíslasyni á Miðstöð Skólaþróunar á Akureyri. Í framhaldinu hefur teymisvinna verið í þróun hjá öllum starfsmönnum skólans undir leiðsögn Sigríðar Ingadóttur. Starfsmenn hafa í þessari vinnu fengið ýmis verkfæri til samræðna og við reiknum með að þessari vinnu verið haldið áfram næsta vetur.

Eftir haustfrí fengum við svo heimsókn frá **matsmönnum á vegum Menntamálastofnunar** sem dvöldu hér í 3 daga og fylgdust með störfum okkar hér. Þetta er í fyrsta skipti sem Varmahlíðarskóli fær slíka úttekt. Ytra mat sem er í samræmi við grunnskólalög. Það er öllum gagnlegt að fá sýn annarra á því sem gert er og hrós fyrir það sem vel er gert. Skýrsla um matið liggur frammi á vef Menntamálastofnunar og hvet ég alla áhugasama um að kynna sér hana. Mat á skólastarfi er með ýmsum hætti.

Skólinn nýtir sér sjálfsmatskerfið **Hversu góður er skólinn okkar** sem upphaflega var þróað í Skotlandi. Með því meta starfsmenn og nemendur ýmsa þætti skólastarfsins og benda á leiðir til þess að gera betur. Í desember tóku nemendur í 5.-10, bekk þátt í slíku mati og það var virkilega gaman að fylgjast með vinnu þeirra og lesa í niðurstöður. Þessar niðurstöður verða svo teknar saman í árlegri sjálfsmatskýrslu sem fer á heimasíðu skólans einhvern góðan júnídag.

Nemendur 10. bekkjar tóku þátt í **Pisa** könnun. Hún er lögð fyrir nemendur á þriggja ára fresti. 9. og 10. bekkur fóru í **skólabúðirnar á Laugarvatni** ásamt nemendum 9. og 10 bekkjar í Grunnskólanum austan vatna í október. Það ferðaplan leit nú ekki vel út í fyrstu þar sem upp kom smit í skólabúðunum og fresta varð ferðinni um einn dag. En nemendur komust þó og tókust á við spennadi viðfangsefni, allir komu sælir heim og e.t.v með nýjar vinabeiðnir og fylgjendur á samfélagsmiðlum.

8. nóvember var skólastarfið brotið upp á **Degi gegn einelti** og unnið var að uppbyggjandi samskiptaverkefnum.

Hertar samkomutakmarkanir í nóvember settu svip sinn á skólastarfið. 50 manna hólf og grímur. Fresta varð árshátíð yngri nemenda fram á vorið.



Hrekkjavökudagur, bangsadagur, fjólublár dagur, brjálaður hárdagur, kjóla- og skyrtudagur, náttfatadagur, rugludagur, þetta eru dæmi um skemmtilega tilbreytingu frá gráum hversdagsleikanum sem allir geta tekið þátt í að vild þrátt fyrir sóttvarnarreglur. Það er gaman að sjá, á svona uppbrotsdögum hversu hugmyndaríkir og skapandi nemendur og starfsmenn eru. Segja má að þessir dagar hafi átt þátt í að hjálpa okkur í gegnum fábreytta mánuði þegar reglur voru strangar.

Piparkökuhúsaþeppni var haldin meðal unglunga í valhópum. Það er afskaplega gaman að sjá afrakstur af vinnu nemenda þegar heimilisfræðistofan er opnuð ár hvert. Jólalykt, ákveðin hátíðleiki og spenna eru í loftinu. Meistarar á þessu skólaári urðu: Ragnildur Sigurlaug og Jóna Karítas.

Við urðum að skipta okkur í tvo hópa á litlu jólnum en gátum þó **dansað öll saman úti** því það mátti. Hangikjötið var á sínum stað með laufabrauði og jólaöli. Síðan héldu allir í jólafrí.

Janúar rann upp og vonir okkar um árshátíð unglingastig voru nokkrar. En þegar æfingar voru hafnar voru sóttvarnir hertar og ekki unnt að sýna í janúar eins og venja er. Unglingarnir tóku þessu með æðruleysi.

Hólfaskiptur matartími og önnur gamalkunnug sóttvarnarstef leiddu okkur áfram. Febrúar rann upp með vikum án kaffitíma á fimmtudögum og rafrænum samráðdegi líkt og í október og óveðri við og við.

Eftir vetrarfrí komu ekki allir nemendur og starfsfólk til vinnu. **Veiran hafði náð til okkar.** Næstu tvær vikur báru þess merki, fjöldi starfsmanna og nemenda forfallaðist. Viðburðum sem vera áttu var frestað.

Þó náðum við að senda **9. bekk heim að Hólum** í þrjá daga til að læra og um íslenska hestinn og fara á bak. Það er skemmtilegt samstarfsverkefni með Háskólanum á Hólum sem flestir sem taka þátt í og hafa gaman af.

Eftir mikil forföll fórum við smán saman að ná vopnum okkar á ný. Þegar fólk var farið að hressast af pestinni tók við **annasamur tími.**



Öskudagur var að venju skrautlegur og skemmtilegur. Nemendur og starfsfólk léku lausum hala um Varmahlíðarhverfið og heimsóttu verslanir og vini í hverfinu.

Árshátíðaræfingar hófust hjá öllum hópum. Yngsta stig æfði leikritið **Í Ævintýralandinu** og miðstig æfði **Emil í Kattholti**. Sýningardagur beggja stiga var sameiginlegur. Fyrirkomulagið að hafa sýningar sama dag kom vel út en ekki var rými vegna sóttvarna til að bjóða upp á kaffi. Í kjölfar sýningar yngsta og miðstig hófu unglingarnir æfingar á **Með allt á hreinu** í þriðja sinn og sýning þeirra var svo í byrjun apríl. Þar voru nemendur sko með allt á hreinu. Segja má að allar árshátíðarsýningar þetta skólaárið hafi verið nemendum til mikils sóma. Sumir hreinlega sprungu út í hlutverkum sínum.

Svo var farið í **skíðaferðir**, **marþon** 10. bekkjar var þreytt., **Upplestrarhátíð 7. bekkjar** og **litla upplestrarhátíð 4. bekkjar** var haldin hátíðleg fyrir forráðamenn nemenda þar.

7. og 10. bekkur heimsóttu **eldri borgara á Löngumýri** á skólaárinu og áttu þar samveru við spil og spjall.

Listalestin kom við í Varmahlíð og hleypti öllum nemendum unglingastigs í Skagafirði um borð. Þetta verkefni hefur verið á teikniborðinu síðastliðin 3 ár og því var sérstaklega skemmtilegt að taka þátt í þessari vinnu. Til þess að rúma alla nemendur á unglingastigi í Varmahlíðarskóla varð til nýr flötur á **Vinadeginum** sem allir þekkja frá fyrri árum.

Vinadagarnir urðu tveir og voru þannig útfærðir að nemendur á yngsta stigi í öllum skólum Skagafjarðar komu saman í fjölbreyttri vinnu í **Árskóla** og miðstigs nemendur allra skólanna unnu saman á **Hofsósi**. Almenn ánægja var með allt þetta samstarf þar sem nemendur og starfsfólk skólann fengu tækifæri til að kynnst og vinna saman í tvo daga.

Nemendum okkar er **margt til lista** og nokkrir héðan hafa náð góðum árangri á þessu skólaári.

Þær Sigurbjörg Svandís og Sigurbjörg Inga í 6. bekk komust áfram í

vinnusmiðju **Nýsköpunarkeppinnar** og hlutu þar forritunarverðlaun. App fyrir lesblinda var þeirra viðfangsefni.



Daníel Smári í 9. bekk komst áfram í lokaumferð **Pangea keppinnar** sem er stærðfræðikeppni fyrir 9. bekk.

Iðunn Kolka og Arnar Logi í 7. bekk voru fulltrúar okkar í **Stóru upplestrarkeppninni**. Varamaður var Marey. Í lokakeppninni bar Iðunn Kolka sigur úr bítum.

Það er orðin mikil hefð fyrir góðu gengi okkar í **Skólahreysti**. Á því var engin undantekning ár er þau Arndís, Trausti, Hákon og Ronja ásamt varamönnum þeim Ísaki og Bríet stóðu sig frábærlega í undankeppninni og unnu sinn riðil. Liðið fór svo suður og keppi í beinni útsendingu á RÚV. Þar urðu þau í sjötta sæti.

Auk viðburða á vegum skólans var ýmis **skemmtun í boði góðra gesta** þetta skólaár. Einn þeirra var Már Gunnarsson ólympíufari og tónlistarmaður sem kom í heimsókn með leiðsöguhundinn sinn og sagði okkur sína sögu.

Rafrænn fyrirlestur um líkamsímynd var á vegum Ernulands fyrir nemendur unglingastigs.

Unglingastig ásamt starfsfólki fékk líka fræðslu frá Samtökunum 78 um hinsegin málefni.

Í lok skólaárs voru viðburðir á vegum Skrúnaskralls, Grettissaga í textíl. Lalli töframaður, Geðlestin og MC Gauti komu og fræddu okkur um geðheilbrigði. Það var svo sannarlega mikið fjör þegar Gauti söng Reykjavík er okkar og ekki óvíst að hristingurinn hafi mælst á einhverjum jarðskjálftamælum hér í grenndinni þegar sérlegir aðdáendur hans í starfsmannahópnum dönsuðu í takt.

Síðustu dagar skólaársins voru með kunnuglegu stafi: **Sveitadagar og skólaferðalög** af ýmsu tagi voru kærkomin, 10. bekkur fór til Danmerkur og aðrir hópar ferðuðust til ýmissa staða hér í nágrenninu. 5. bekkur vann að verkefninu Skín við sólu.

Senn höldum við nú öll út í sumarið sem vonandi verður endurnærandi, með nokkrum ævintýrum. Flest okkar koma svo til baka í haust til að takast á við næsta áfanga skólagöngunnar.

Ég enda þennan pistil með broti úr laginu **Mér líður vel** eftir Mc Gauta:



Sama gamla, sofa og vakna
Þungur á því, vakna varla
Dagar dimmir, nætur svartar
Nettur gaur, með viðkvæmt hjarta
En þetta er þátíð, já þetta er þátíð
Og núna er hver dagur eins og fokkin hátíð
Gaf dimmu uppá bátinn, pumpaði lífi í strákinn
Og ég fer sáttur í háttinn já, mér líður vel

Ég er ekki með allt á hreinu
En ég er búinn að læra að lifa einn dag í einu;

Lára Gunnús Magnúsdóttir

Bókasafn Varmahlíðarskóla

Starfsskýrsla veturinn 2021-2022

Starfsemi bókasafnsins þetta skólaárið var mjög mikið litað af Covid-19 heimsfaraldrinum og þeirra strangra sóttvarnareglna sem voru í gildi. Anna Lilja Guðmundsdóttir tók við af Söru



Bókasafn Varmahlíðarskóla

Gísladóttir sem bókavörður og er Sara umsjónarkennari 1 og 2. bekkjar. Bókasafnið var ekki opið almenningi í vetur, heldur einungis opið fyrir nemendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla.

Bókasafnið var opið allan daginn og nemendur höfðu góðan aðgang að bókasafninu yfir daginn og gátu leitað til bókasafnsvarðar þegar þurfti. Hafður var þann hátturinn á að nemendur gátu skráð bækurnar sjálfir í tölvunni (á google sheet skjali) sem auðveldaði til muna skráningar á útlánnum og skilum.

Mikil hreyfing hefur verið á bókasafninu, tekinn var í gagnið prentari í haust sem prentar kjalmiða og strikamerki á bækurnar, einnig voru hillur færðar til og bækur gerðar aðgengilegri og sýnilegri fyrir alla. Í vetrarfríinu var settur neyðarútgangur út frá bókasafninu og varð einhver tilfærsla vegna þess. Landskerfi bókasafna stendur einnig fyrir breytingum á sínu kerfi en nú í sumar verður



lokað fyrir Gegni bókasafnskerfi fyrir fullt og allt og er ætlunin að opnað verði fyrir nýtt kerfi á skólasöfnum í haust sem heitir ALMA. Það kerfi er auðveldara í notkun og hægt að opna það í vafra.

Á safninu er gott úrval skáld- og fræðiritra, bæði fyrir börn og fullorðna og nokkuð er til af hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstraraðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleift að bæta verulega við safnkostinn á hverju ári.

Nemendur 1. - 7. bekkjar voru í formlegri safnkennslu einn tíma á viku og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Einnig er safnið mikið notað til sérkennslu ýmiss konar og kennslu yngri barna. Listaverk nemenda eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur vinna ýmiss konar verkefni í safnkennslunni þar sem samþætt eru íslenska, upplýsingatækni, forritun, stærðfræði og fleira. Nemendur fá að kynnast starfsemi bókasafnsins, tegundum bóka, fræðslu um bókahöfunda og hvernig fræðibækur eru skráðar og geymdar á bókasafninu.

Yndislestur er viðhafður í skólanum og þar taka allir þátt, bæði starfsfólk og nemendur. Það er lesið í 20 mínútur á dag og hefur það hvatt nemendur til lestrar. Nemendur eru einnig mjög duglegir að nýta sér bókasafnið.

Útlán veturinn 2021-2022

Útlán fóru fram í landskerfi bókasafna, Gegni, einhverjar bækur voru fengnar í millinán frá Héraðsbókasafni Skagafirðinga á Sauðárkróki.

Sumarlestur 2022

Nemendur fengu sent heim Sumarlestrarhefti þar sem þau eru hvött til að vera dugleg að lesa í sumar. [Lestur í sumarfríi](#)



Anna Lilja Guðmundsdóttir



Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1.-2. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Fjölbreyttir textar voru notaðir; sögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð og fræðitextar svo eitthvað sé nefnt. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss, 2 stafir í viku. Nemendur unnu með stafi vikunnar, lærðu að skrifa þá, búa þá til með leir, unnu með þá í frauðstöfum og með stafaöskju.

Á mánudögum byrjuðum við á lestri bókarinnar. Á mánudögum og fimmtudögum var stöðvavinna föst í stundaskrá með ýmiskonar verkefnavinnu (spil, krossgátur, stafasúpur, orðasúpur, sóknarskrift, paraskrift). Í lok þemavinnu unnu nemendur lokaverkefni (t.d. leikrit, söguveg, bók í Book Creator og þar fram eftir götunum). Lögð var áhersla á sköpun og úrvinnslu textans. Þá gafst nemendum tækifæri að sýna hvað þeir höfðu lært. Oft var bók vikunnar samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði og þá unnum við gjarnan með hana í tvær vikur samfelld.

Oft voru markmið í myndmennt tengd vinnu byrjendalæsis en þá tengdist það listsköpun nemenda í lokaverkefnum tengdum bók vikunnar. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum þótt þær væru eitthvað notaðar með stafainnlögn (þá sérstaklega bókin Lestrarlandið). Nokkuð var um stór sameiginleg hópverkefni, þar sem afraksturinn var veggspjald



eða eitthvað annað sýnilegt. Stundum kynntu nemendur verkefni á skjá eftir að hafa unnið lokaverkefni í iPad (Draw and Tell og Book Creator nokkuð notuð þetta árið).

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, tvöfalda sérhljóða, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur lásu í heimalestrarbókum einu sinni á dag alla virka daga. Þegar leið á haustönn voru flestir nemendur farnir að skrifa 3-5 orð heima í stílabók eftir upplestri. Á vorönn voru flestir nemendur 2. bekkjar komnir með það heimanám að skrifa eina sögu á viku. Annað heimanám var lítið en tilfallandi, í flestum tilvikum var einungis heimanám á þá nemendur sem náðu ekki að ljúka við verkefni í kennslustund (þurftu að fara í tónlistarnám eða hefðu getað nýtt vinnutíma sinn betur).

Mikil ánægja er meðal nemenda með byrjendalæsi. Stöðvavinna vakti lukku þar sem nemendur skipta ört um stöðvar og verkefni. Mikið var um para- og hópavinnu og voru nemendur orðnir svo vanir nýrri og fjölbreyttri hópaskiptingu að andrúmsloft umburðarlyndis og hjálpsemi var orðið fastur liður í menningu hópsins.

Sara Gísladóttir og Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Læsismenning 2021- 2022

Meðlimir: Anna Lilja, Hafdís Skúla, Íris Olga, Sigrún Ben og Sigrún Gylfa

Tvær hugmyndir voru lagðar fram og framkvæmdar að því leyti sem Covid leyfði.

1. Starfsfólk var beðið um senda til meðlima titla af uppáhaldsbókum sínum og eina til þrjár setningar um hverja bók. Bækurnar máttu vera frá barna/unglingsaldri sem og frá fullorðinsaldri. Anna Lilja tók að sér að finna myndir af kápum bókanna og setja upp sem myndefni og plastað. Bókaveggur verður svo settur upp að hausti komanda.
2. Lestrargestir - meðlimir höfðu samband við hóp fólks sem eiga það sameiginlegt að vera komið á eftirlaun og vera í nærtækum radíus við skólann. Hópurinn fékk sent [bréf](#) þar sem þeim var boðið að gerast lestrargestir í skólanum, þ.e. að
 0. hlusta á nemendur lesa
 1. lesa fyrir nemendur
 2. kynna bækur og spjalla

Allir sem bréf fengu svöruðu kalli en þá brustu á Covid samkomutakmarkanir og öllum heimsóknum var slaufað. Nú í vor sendum við [annað bréf](#) þar sem við fórum yfir stöðuna og buðum hópnum að koma í vor.

Að hausti skal taka upp þráðinn, 1) setja upp myndir og texta um uppáhaldsbækur og 2) bjóða lestrargestum í heimsókn.

Einnig eru fleiri hugmyndir sem verða skoðaðar í haust t.d.

- „Óvæntur lesari“: kannski mánaðarlegi verði bókaður gestur sem væri leyndó fyrir nemendum þar til hann birtist og læsi.
- Skoða bókaviku á Skagaströnd
- eldri komi í tíma hjá yngri og kynni bækur sem þeim þótti skemmtilegar þegar þeir voru yngri
- Skólastjórinn, Guðmundur, skólaliðar - hinn almenni starfsmaður Varmahlíðarskóla lesi fyrir nem, hlusti eða segi frá bók frá æsku sinni
- Hafa bækur sýnilegri í skólanum



Endurmenntun

Vegna covid aðstæðna endurtók það sig annað árið í röð að aflýsa þurfti áætluðum fræðsludegi í Miðgarði fyrir leik-, grunn og tónlistarskóla Skagafjarðar en fyrirhugað var að allt starfsfólk Varmahlíðarskóla tæki þátt, þann 17. ágúst. Það varð heldur ekkert af fyrirhuguðu KSNV þingi sem halda átti 20. ágúst af sömu ástæðum. Eftir megni var þó reynt reynt að halda í áform á skólaárinu um að fá til okkar fyrirlesara og halda námskeið. Til þess kom hnika þurfti til dagsetningum eða endurskipuleggja ef sóttkví eða einangrun setti strik í reikninginn. Eftirfarandi er ekki tæmandi listi alls sem gert var en veitir einhverja innsýn í það sem fram fór.

Fræðsla innan skólans

Almennt skyndihjálparnámskeið var haldið í skólanum 12.-13. ágúst undir öruggri leiðsögn Karls Lúðvíkssonar. Það sóttu átta starfsmenn (Sigfríður, Íris, Erla Björk, Linda C., Sara María, Ása Sóley, Anna Lilja og Sif Kerger).

Innleiðing teymisvinnu og vinnubrögðum lærdómssamfélagsins með liðsinni Miðstöðvar skólaþróunar hófst formlega 12. nóvember með erindi Gunnars Gíslasonar fyrir starfsfólk um teymisvinnu. Sama dag fundaði Gunnar með stjórnendateymi og lagði línur varðandi fyrirkomulag vetrarins. Áætlað er að innleiðing teymisvinnu haldi áfram með þeirra liðsinni næstu tvö skólaár. Allt starfsfólk tekur þátt í innleiðingunni og er markmiðið að efla færni starfsfólks í teymisvinnu og teymiskennslu. Sigríður Ingadóttir frá MSHA er helsti tengiliður okkar í verkefninu. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að hún hélt vikulega fundi með leiðtogum teyma fram undir vor en þá var það samkvæmt áætlun að fækka fundum og hafa aðeins lengra milli funda. Leiðtogar teyma áttu síðan vikulega fundi með sínum teymum þar sem vinnubrögð og samskipti voru til umfjöllunar, lögð inn ýmis verkfæri og verkefni.



Starfsfólk Varmahlíðarskóla fór vestur í skólaheimsóknir, á starfsdegi þann 13. október.

Heimsóttir voru tveir skólar. Grunnskóli Húnaþings vestra á Hvammstanga og einnig Blönduskóli á Blönduósi. Skólarnir tveir áttu það sameiginlegt á þessum tímapunkti að þar stóðu yfir framkvæmdir við stækkun skólahúsnæðis. Fengum við góðar viðtökur á báðum stöðum, kynningu á skólastarfi skólanna og gott veganesti í áframhaldandi vangaveltur á breytingum og útfærslum skólahúsnæðis Varmahlíðarskóla.

Kennarar, starfsfólk í stoðþjónustu og stjórnendur sóttu mini UTís í Árskóla á starfsdegi skólans þann 4. nóvember. Það var að vanda gjöfult að njóta leiðsagnar þeirra framúrskarandi fyrirlesara sem þar miðla af þekkingu sinni.

Allt starfsfólk skólans fékk hinsegin fræðslu frá Samtökunum 78 um miðjan nóvember og einnig var Ásta Kristín Árnadóttir með góða fræðslu um flogaveiki fyrir starfsfólk um miðjan desember. Á starfsdegi 15. febrúar tók starfsfólk þátt í örnámskeiðinu Árangursrík samskipti á vegum Gerum betur!

Einn kennari yngsta stigs, Hrund Malín Þorgeirsdóttir, lauk seinna ári námsins í kennsluháttum byrjendalæsis. Fyrirkomulag þess var á þannig að það skiptust á staðlotur og fjarnám eftir því hvað aðstæður leyfðu.

Fagfundir verkefnastjóra Olweusar voru áfram rafrænir, haldnir nokkuð reglulega yfir skólaárið og sótti Helga Rós Sigfúsdóttir þá fundi.



Ráðstefnur, námsferðir og námskeið utan skólans

Þrjú kennarar sóttu þriggja daga ART námskeið í byrjun ágúst sem haldið var í Grunnskólanum austan Vatna á Hofsósi (Birgitta, Hafdís G. og Helga Rós), engin þeirra lauk þó réttindanámskeiðinu eins og til stóð.

Nýr skólaritari, Anna Lilja, sótti Mentor fjarnámskeið 9. ágúst. Í vetur hefur hún einnig sótt bókasafnstengd námskeið í Gegni og nýju kerfi sem nefnist ALMA.

Kennarar fengu upprifjunarnámskeið í Mentor 18. ágúst auk þess sem Sigfríður sótti Mentor námskeið fyrir nýja kennara.

Haustráðstefna Skólaþróunar, undir yfirskriftinni Öll börnin okkar var haldin í streymi, hana sóttu Birgitta, Sara G., Sif Kárad., Þyrey, Sigrún Ben., Lára og Hanna D.

Fjórir kennarar byrjuðu í endurmenntun á vegum Menntafléttunnar, það er Stærðfræðináms og upplýsingatækni fyrir yngsta stig (Birgitta, Hafdís Guðlaug og Sara G.) og námskeið undir sama heiti fyrir unglingastig (Unnur Erla).

Skólastjórnendur, Hanna D. og Lára, sóttu námsstefnu Skólastjórafélags Íslands sem haldin var á Akureyri 8.-9. október undir yfirskriftinni Öflugir stjórnendur - Betra skólastarf.

Margir kennarar sóttu einnig aðra fyrirlestra eða námskeið, rafrænar menntabúðir og sitthvað fjölbreytt til styrkingar einstaka fagþáttum eða persónulegrar hæfni..

Hanna Dóra Björnsdóttir



Teymisvinna 1. - 4. bekkjar 2021-2022

Teymisvinna 1.-4.bekkar samanstóð af fjórum kennurum, einum stuðningsfulltrúa og þroskaþjálfra.

1.-2. bekkur: Hrund M. Þorgeirsdóttir og Sara Gísladóttir

3.-4. bekkur: Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís G. Skúladóttir

Stuðningsfulltrúi: Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir

Þroskaþjálfri: Sif Káradóttir

Hvort umsjónarteymi sá um sína umsjónarbakki. Stuðningsfulltrúi fylgdi báðum hópunum og þroskaþjálfri kom með sérkennslu inn í bekkina.

Teymið hafði einn samráðstíma á viku í stundatöflu en það reyndist of knappur tími.

Nauðsynlegt er að hafa tvo samráðstíma á viku fyrir allt teymið, auk tíma fyrir samkennara í hvorum hópi um sig.

Það fyrirkomulag að stuðningskennsla sé á höndum kennara innan teymisins reyndist vel og mælum við með að því verði haldið áfram. Það reyndist einnig vel að einn starfsmaður í teyminu hafi haft það hlutverk að vera tengiliður við skólastjórnendur.

Á skólaárinu var tímabil þar sem þurfti að skipta nemendum og starfsfólki niður í smærri hópa vegna Covid-19 heimsfaraldurs. Þá var unnið þannig að 1.-2. bekkur var sér og 3.-4.bekkur sér en kennarar héldu samt sínum samráðstímum áfram.

Margt var unnið í samráði, undirbúningur kennslu var að miklu leyti sameiginlegur og verkefnið aðlöguð að árgöngum. Sú nýbreytni var hjá teyminu í vetur að það voru tvær samliggjandi kennslustundir á viku hjá öllum nemendum 1.-4. bekkjar. Þá var útikennsla markvisst kennd í þeim kennslustundum.



Teymisvinna- miðstigs- 5.-7. bekkur 2021- 2022

Miðstigsteymi samanstóð af þremur umsjónarkennurum, einum auka kennara, þremur stuðningsfulltrúum og þroskaþjálfra.

5. bekkur Sigrún Ben., Sara María, Sólrún, Sif Káradóttir

6. bekkur Þyrey Hlífarsdóttir, Trostan (frá febrúar 2022), Sigrún Gylfa.

7. bekkur Helga Sigurðardóttir, Sigrún Gylfa.

Umsjónarkennarar og kennari sáu um bekkjarkennslu og stuðningsfulltrúar fóru á milli hópa eftir þörf og skipulagi.

Teymið hafði sameiginlegan skipulagstíma tvær kennslustundir í viku. Var sá tími nýttur til að fara yfir kennsluskipulag, ræða mál sem varðaði teymið hverju sinni auk þess sem lögð voru fyrir verkefni í tengslum við teymisvinnu undir handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri.

Þetta fyrirkomulag reyndist nokkuð vel, þó það geti reynst áskorun að kenna nemendum í þremur bekkjum. Gæta þarf að því að hópaskiptingar verði ekki með þeim hætti að árgangar blandist meira en tveir í einu. T.d. bóknám á móti íþróttum.

Umsjónarkennarar völdu að skipta að með sér kennslu þannig að hver kennari væri með aðalumsjón með einum bekk og kenndi sínum hóp að mestu leyti íslensku og stærðfræði en hóparnir blönduðust meira í öðrum námsgreinum. Það var niðurstaða teymisins að það mætti vera enn meiri bekkjarskipting sérstaklega í íslenskukennslustundum þannig að hægt væri að komast yfir námsefnið með markvissari hætti.



Á haustönn var boðið upp á valnámskeið í samfélagsgreinum á miðstigi, valnámskeiðin voru meðal annars spil, slökun, sögugerð o.fl. Þetta er í annað skipti sem við bjóðum upp á svona námskeið á miðstigi og hefur það gefist mjög vel.

Teymisvinna starfsmanna 2021-2022

Fátt er mikilvægara á stórum vinnustað en örugg miðlun upplýsinga. Slíkt má gera á margan hátt, m.a. með tölvupósti, en sú leið er allmikið notuð í skólanum auk annarra rafrænna lausna. Þó var talið nauðsynlegt að fólk hittist til þess að ræða málin og að deila sýn sinni og upplifun af starfi í skólanum, ekki síst til þess að geta samræmt aðferðir sínar og að geta rætt um hvernig gengi almennt í lífsins skóla.

Undanfarin ár hefur teymisvinna og teymiskennsla verið ástunduð þar sem ofangreindir þættir hafa verið ástundaðir og þótti því tímabært að stofna teymi þeirra sem hitta nemendur og sinna þeim utan kennslustunda. Í þessu teymi voru því starfsmenn mótuneytis, skólaliðar, húsvörður auk skólaritara.

Frá hausti hittist hið nýstofnaða ráð alloft og gafst þar gott færi á því að spjalla. Fremur fjölmennt var á þessum fundum og var því nokkuð snúið framan af að koma öllum á mælendaskrá og að fá að heyra allar reynslusögur enda tíminn af skornum skammti til þessara fundahalda eins og oft er. Það kom þó ekki svo mjög að sök, enda má læra flest.

Í vetur var farið var yfir verkefni frá Sigríði Ingadóttur sem stýrir teyimum Varmahlíðarskóla. Ýmis verkfæri höfum við fengið í hendurnar sem munu nýtast okkur í starfi, einnig svo kallaðir ísbrjótar sem eru gerðir til þess að brjóta upp fundi og byggja upp traust, það reyndist okkur vel.



Áður en teymið hafði náð fullri æfingu í því að starfa gripu örlögin í taumana. Starfsmaður í teyminu féll frá og urðu í framhaldi af því nokkrar mannabreytingar í eldhúsi. Af skiljanlegum ástæðum varð starfið því með öðrum hætti en lagt hafði verið upp með og er lengra leið á veturinn varð einnig breyting í hópi skólaliða.

Af ofangreindum ástæðum varð starf hópsins því allt annað og með öðru sniði en lagt hafði verið upp með. Þetta fyrirkomulag má þó segja að hafi eflt starfsandann nokkuð og gefið fólki kost á því að kynnast samstarfsfólkinu og fá góð ráð sem nýtast vel í hinu daglega starfi með nemendum.

Næsta vetur má endurskoða fyrirkomulag teymisins og leggjum við til að hópurinn verði tvö starfsmannateymi. Við höldum að með framkvæmd þessari þegar hópnum er skipt í minni einingar verði fundir skilvirkari og starfsfólk eigi auðveldara með að opna á málefni sem brenna á þeim.

Teymisvinna íþróttá- og verkgreinakennara

Meðlimir teymis: Sigurlína Hrönn Einarisdóttir, Sigfríður Jódís Halldórsdóttir, Einar Örn Einarsson og Þuríður Helga Jónasdóttir.

Fátt er mikilvægara á stórum vinnustað en örugg miðlun upplýsinga. Slíkt má gera á margan hátt, m.a. með tölvupósti, en sú leið er allmikið notuð í skólanum auk annarra rafrænna lausna. Þó var talið nauðsynlegt að fólk hittist til þess að ræða málin og að deila sýn sinni og upplifun af starfi í skólanum, ekki síst til þess að geta samræmt aðferðir sínar og að geta rætt um hvernig gengi almennt í lífsins skóla.



Undanfarin ár hefur teymisvinna og teymiskennsla verið ástunduð þar sem ofangreindir þættir hafa verið ástundaðir og þótti því tímabært að stofna teymi með íþróttá- og verkgreina kennurum.

Teymið átti fundartíma einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 8:15. og voru þeir tímar vel nýttir. Teyminu voru úthlutað verkefni og verkfæri frá Sigríði Ingadóttur sem stýrir teyminum Varmahlíðarskóla.

Félagsmál Varmahlíðarskóla veturinn 2021-2022

Veturinn 2021-2022 var starfandi nemendaráð við skólann eins og fyrri ár og er það skipað 9 nemendum úr 7. - 10. bekk. Úr 7. - 9. bekk eru tveir fulltrúar, einn aðal og einn til vara, þeir nemendur sem buðu sig fram héldu framboðsræður fyrir bekkinn og voru svo kosningar í hverjum bekk. Þeir nemendur í 10. bekk sem buðu sig fram til formanns héldu sínar framboðsræður fyrir alla nemendur í 7. - 10. bekk og í kjölfarið kusu þau tvo formenn.

Nemendaráð 2021-2022

Bryndís Erla Guðmundsdóttir 10. bekk	Formaður
Hákon Kolka Gíslason 10. bekk	Formaður
Emilia Kvalvik Hannesdóttir 10. bekk	Varamaður
Ragnhildur S. Guttormsdóttir 9. bekk	Aðalmaður
Trausti Helgi Atlason 9. bekk	Varamaður
Eiríkur Jón Eiríksson 8. bekk	Aðalmaður
Bríet Bergdís Stefánsdóttir 8. bekk	Varamaður
Arnar Logi Róbertsson 7. Bekk	Aðalmaður
Ævar Sigurðsson 7. bekk	Varamaður



Nemendaráðið sá svo um að skipuleggja félagsmál og diskótek ásamt Söru Maríu Ásgeirsdóttur, sem sá um að halda utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Einn starfsmaður kom frá Húsi Frítímans til að aðstoða á félagsmáladögum. Reynt var að hafa félagsmál annan hvern fimmtudag en covid setti svip sinn á starf vetrarins og náðist það því miður ekki alltaf. Félagsmálin voru þá annaðhvort frá 16-18 eða 16-21 þegar voru diskótek. Þó var smá undantekning á því þegar skóla lauk fyrir á fimmtudögum og var það þá frá 15:30-17:30.

Fjölbreytni var þónokkur í félagsmálunum, en þó yfirleitt svolítið íþróttasinnuð. Farið var í ýmsar bekkjakeppnir og má þar nefna fótbolta, dodgeball, spurningakeppni og bandý. Annað sem einnig var farið í en ekki bekkjarskipt var ullarsokkafótbolti, paintball, playstation og leikir í íþróttahúsi. Lokadagur félagsmála var 23. maí frá 18 - 20:30 og var þá farið í ratleik og foreldrafélagið grillaði hamborgara.

Ýmsir viðburðir voru á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar fyrir nemendur í 8. - 10. bekk, t.d. Halloweenball á Hofsós, söngkeppni í Miðgarði, Norður-Org, Samfestingurinn í Reykjavík og Árshátíð Friðar. Voru nemendur Varmahlíðarskóla mjög duglegir að taka þátt í þeim viðburðum.

Sara María Ásgeirsdóttir

Árshátíð yngsta stigs 2022



Árshátíð 1.- 4. bekkjar var haldin í Miðgarði miðvikudaginn 30. mars 2022 kl.15. Hún átti upphaflega að vera í nóvember 2021 en vegna Covid-19 faraldurs var ákveðið að fresta henni fram í mars.

Leikritið Í Ævintýralandinu eftir Ásthildi Cecil Þórðardóttur var

sett upp og voru nemendur í 1.- 4. bekk í hlutverkum. Allir nemendur fengu hlutverk og línur. Leikstjóri var Sara Gísladóttir og aðrir umsjónarkennarar komu einnig að undirbúningi og skipulagningu. Kristín Halla Bergsdóttir og Einar Örn Einarsson voru ljósa - og hljóðmenn. Þann sama dag var einnig sýning hjá miðstiginu, en þau sýndu sitt leikritið strax á eftir yngsta stiginu. Æfingar hófust 21. mars í setustofunni og svo færðum við okkur í Miðgarð mánudaginn 28. mars. Við þurftum að skipta æfingatímum í Miðgarði á milli okkar þar sem verið var að æfa tvær sýningar. Leikskrá var gerð fyrir hvora leiksýninguna og prentað út 70 eintök. Miðasala var á staðnum, enginn posi, og var miðaverð 1500kr. Mjög góð þátttaka var á sýningunni, margir áhorfendur og mikil gleði yfir því að geta hist aftur á leiksýningum eftir Covid-19 faraldurinn.

Sara Gísladóttir, Birgitta Sveinsdóttir, Hafdís G. Skúladóttir, Hrund Malín Þorgeirsdóttir og Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir



Árshátíð miðstigs

Í upphafi þessa skólaárs var útlit fyrir fremur hefðbundið skólastarf en þó varð sú ekki raunin. Covid truflaði allmargt lengi frameftir vetri og varð að fresta ýmsu og sumu oftár en einu sinni. Árshátíð miðstigs er alla jafna fyrir jól en af fyrrgreindum ástæðum varð að seinka henni fram á vorönn.

Þegar kom að því að velja verk ársins má segja að leitað hafi verið á kunnar slóðir, eða í Smálöndin og varð Emil í Kattholti (Þýðing Vilborgar Dagbjartsdóttur og Böðvars Guðmundssonar) fyrir valinu. Allmargir þekktu verkið en var þó ákveðið að lesa sögunnar í samlestrarstundum til þess að kynna verkið enn betur og að leyfa nemendum að lifa sig inn í líf og aðstæður Emils.

Þegar lestri var lokið og talið var að árshátíð nálgæðist var farið að ræða um handrit og hlutverkaskiptingu. Samkvæmt hefð fengu nemendur 7.bekkjár stærstu hlutverkin og nemendur 6. bekkjár önnur hlutverk. Í hlut 5.bekkjár kom að mynda kór sem bar uppi söng í verkinu.

Æfingar hófust í febrúar en var þó gert hlé á þeim þegar í ljós kom að vegna covid þurfti enn einu sinni að fresta sýningu. Sýningin komst loks á 30.mars og var þá slegið saman sýningum yngsta stigs og miðstigs síðdegis á miðvikudegi.

Sviðsmynd var að mestu í höndum Guðmundar húsvarðar, Orra og Þuríðar smíðakennara og voru allar vistarverur inni á sviðinu samtímis og þurfti því ekki að huga að sviðsskiptingum á meðan leikið var. Einingis smáhlutum var bætt inn á sviðið þegar þörf krafði.



Tónlist var nokkuð lífleg en þó ekki lifandi, enda leikin af upptöku.

Segja má að sýningin hafi litið nokkuð vel út á sviði, en lítt heyrðist þó annað en söngur. Var hljóðkerfi þar ekki nýtt sem skyldi. Hljóðnemi sem magnar allt hljóð upp á sviði komst ekki í gagnið og einnig hefði verið betra að nýta hljóðnema sem festa má á hvern leikara.

Árshátíð unglíngastígs

Með allt á hreinu

Punktur um hvernig gekk:

Árshátíðarvalið:

10. bekkingar byrjuðu einir í valinu. Stemningin var í upphafi erfið, nemendur misáhugasamir og misfókuseraðir. Sorglega lítið var um leiklistaræfingar þess vegna.

Notuðum handrit sem fengið var frá kennara á Egilsstöðum, þökk sé Dagný Erlu Gunnarsdóttur. Handriti hafði verið nokkuð breytt frá upphaflegu handriti, aðallega þannig að fleiri persónur höfðu verið skapaðar, bæði Gærur og Stuðmenn. Talsmátinn, húmor og kynjaáherslur voru heldur barn síns tíma þannig að mörgu var breytt.

Skipað var í nefndir eftir áhuga - sviðsmynda, búninga-, markaðs-, tónlistar - þær störfuðu mismikið. Þarf að nýta nefndir betur, fylgja betur eftir.

Æfingar í skóla og Miðgarði:

Stefnt var að æfingum í upphafi janúar þar sem sýna átti 10. og 11. janúar en samkomutakmarkanir komu í veg fyrir þær. Æft var fyrsta dag eftir jólafrí en síðar ákveðið að æfingar væru hálf tilgangslausar.

Næst var reynt við 11. mars og náðust fjórir æfingadagar en vegna gengdarlausra veikinda hjá nemendum var sú dagsetning gefin upp á bátinn. 24. mars varð næst fyrir valinu en þá veiktist leikstjóri. 6. apríl var lokatilraun og ein sýning. Við náðum einum degi í setustofu og fjórum í Miðgarði. Málin litu ekki sérlega vel út, nokkrir kunnu ekki línurnar sínar og senur höktu. Á general-prufu kom þó í ljós að eitthvað höfðu nemendur lært því sýningin rúllaði eins og átti að gera. Frumsýningin gekk svo vonum frammar, margir leikarar bættu við allskyns smáatriðum og bröndurum.

ATH! Gott að nota Keynote/myndræna leið til að sýna og æfa uppstillingar á fjölmönnum senum.

Dans:

Ingunn danskennari kom vikuna 9. - 12. des. Bryndís samdi dansana fyrir Gærurnar fyrir jólafrí og sendi Ingunni til yfirferðar. Stuðmenn sáu um sína dansa með hjálp Ingunnar. ATH: Sumir dansar voru teknir upp og sendir á Messenger. Það þarf að taka upp alla dansa og senda heim.

Búningar:

Þyrey, Helga Þorbjörg, umsjónarkennarar og nemendur sáu um búninga. Fengum tvo lögreglubúninga.

Props og sviðsmynd

Einföld sviðsmynd, hönnuð af ÍOL, framkvæmd af Þuríði Helgu smíðakennara. Annað props sá Unnur, Íris og aðrir um að finna. Sviðsmyndin var hengd upp og henni snúið á milli sena. Unnur var yfir props-skjalinu.

Tónlist og ljós:

Undirleikur (playback) af youtube yfir í moises.ai. Sú síða fjarlægir að mestu/öllu raddir.

Hægt er að nota ókeypis fyrir 5 lög á sama netfangi.

Hljóðmaður kom í hús á mánudag og stillti inn þráðlausu hljóðnema. Á generalprufu og í sýningunni var ekki gott hljóð í hljóðnemum þegar fleiri en 3-4 sungu saman. Hljóðborðið var einnig bilað, ekki hægt að nýta hækka/lækka/mute-master.

Ljósinn þarf að laga í Miðgarði!!!!

Til umhugsunar fyrir næstu árshátíð:

- ATH að öll tæknimál séu klár viku fyrir sýningu!
- Tíminn á haustönn nýttist mjög illa, nemendur voru óvirkir og frekar neikvæðir. Skoða að hafa frekar 2-4 lengri skipti fyrir áramót, 2-3 klst. í einu.
- Mæli með að finna stykki ekki seinna en að vori. Ef það næst ekki, þá helst í síðasta lagi í október.
- Skipa ekki aðeins nefndir meðal nemenda heldur dreifa líka ábyrgð fljótlega meðal starfsmanna; hver er ábyrgur fyrir búningum, sviðsmynd, propsum...
- Árshátíðartímar - nauðsynlegt að nota í að æfa ýmis leiklistaratriði s.s. spuna, karaktersköpun... líka til að hrista saman hópinn.
- Music í MacBook: láta ekki sjálfkrafa fara í næsta lag.
- Muna! eftir hljóðnemaum við sviðið til að magna upp tal á sviði.
- Er hægt að óska meir eftir samstarfi við foreldra? Smink, sviðsmynd?
- Áheyrnarprufur fyrir hlutverk.



Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjóri var Helga Rós Sigfúsdóttir. Fjórir lykilmenn, þeir Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir, Sara Gísladóttir, Helga Sigurðardóttir og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir störfuðu í skólanum í vetur ásamt verkefnastjóra.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Á Olweusardaginn, 8. nóvember, voru unnin verkefni tengd samskiptum, vináttu og virðingu. Verkefni voru unnin á hverju stigi fyrir sig. Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendur í 4. - 10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans.

Faghópur Olweusar

Frístund veturinn 2021- 2022

Frístund opnaði þann 18. ágúst, sex virkum dögum fyrir skólasetningu, en skólasetningin var þann 26. ágúst. Þessa daga er Frístundin opin frá kl. 08:00 - 16:00 og þarf að sérskrá börn þennan tíma. Öll börn í 1. - 4. bekk geta nýtt sér þessa þjónustu.

Eftir skólasetningu kemst rúttínan á, en þá byrja þau börn sem ætla að vera með fasta skráningu fyrir önnina.

Þó nokkur fjölgun var frá því í fyrra og var Frístundar herbergið á neðstu hæðinni orðið of lítið, fengum við þá góða stofu á annarri hæð, við hliðina á setustofunni, til umráða og er það mjög gott þar sem hægt er að nýta setustofuna með.

Sú breyting varð á í haust að nú taka allir skólaliðar þátt í gæslu í Frístund, skiptast alltaf á tveir og tveir og er breytilegt hverjir eru í gæslunni saman. Þetta er bara gott fyrir börnin, þ.e.a.s. að



hafa fleiri sem sjá um þau, meiri fjölbreytileiki með fleira fólki.

Nokkrir langir dagar eru yfir skólaárið eins og alltaf, þ.e. samráðsdagar, starfsdagar og vetrar- og haustfrisdagar. Þá daga er Frístundin opin eins og á fyrstu dögum að hausti, eða frá kl 08:00 - 16:00 og þarf einnig að sérskrá börnin þessa daga.

Ekki hefur verið góð nýting á vetrar- og haustfrisdögum í Frístundinni, ekkert barn var skráð á haustfrisdögum, sem voru tveir dagar í október, fimmtudagur og föstudagur. Vetrarfrisdagarnir í febrúar voru þrír, fimmtudagur - föstudagur og mánudagur, af þeim var aðeins einn dagur nýttur, þ.e. mánudagurinn og þá voru aðeins þrjú börn skráð.

Starfsdagar og samráðsdagar hafa þó oftast verið betur nýttir, ekki þó alltaf.

Á þessum svokölluðu löngu dögum er ýmislegt gert til að brjóta upp daginn, það er farið í frímínútur og útivist, tekinn tími í íþróttahúsinu og farið í göngutúra, ásamt því að dunda sér við allskonar innan dyra. En skipulag langra daga fer að sjálfsögðu allt eftir veðri og vindum og getur breyst vegna þessa. Sé t.d. gott veður eyðum við meiri tíma úti, en sé veðrið mjög kalt eða leiðinlegt eyðum við meiri tíma inni. Alltaf erum við þó velkomin í íþróttahúsið og viljum við þakka starfsfólki íþróttahússins fyrir það. Þetta nýtum við okkur óspart, enda finnst börnunum mjög gaman að fara þangað.

Í haust brydduðum við upp á þeirri nýjung að kaupa jólaföndur sem gaman var að leyfa börnunum að dunda við þegar nær dró jólum, voru þetta sem sé jólagjafir sem þau útbjuggu fyrir foreldra sína. Mæltist þetta vel fyrir og voru þau dugleg að ná að klára sínar gjafir rétt fyrir jólafrí. En það þurfti að skipuleggja þetta nokkuð vel því að ekki eru öll börnin hjá okkur alla daga vikunnar og sum jafnvel bara einn dag í viku. Tók það því nokkurn tíma að ná að láta öll börnin klára sínar gjafir, en það hafðist og gátu þau því haldið inn í jólafríið með fína jólagjöf til mömmu og pabba sem þau höfðu sjálf útbúið.



Mjög svipaður fjöldi af börnum voru skráð í Frístund á haustönn og vorönn. Flest fóru þau reyndar í 27 börn á haustönn, en það tók nokkurn tíma að fá endanlega tölu fyrir haustönnina. Það var svolítið verið að hringla með vistun sem er ekki þægilegt, en er svo sem bæði skiljanlegt og viðbúið þar sem alltaf tekur tíma að púsla saman vistun í Frístund og svo ýmsum íþróttaæfingum og söng og dans tímum sem börnum er boðið upp á eftir að skóla líkur, og er til mikillar fyrirmyndar hvað börn hafa mikið um að velja í bæði tómsundar og íþróttastarfi hér í okkar samfélagi.

Á vorönninni hefur þetta verið fastara, það voru strax í janúar skráð 25 börn og hélst það þangað til í endann mars, en þá fækkaði þeim niður í 24 börn.

Um miðjan mars fækkaði skólaliðum um einn og raskaðist þá röðunin á gæslumönnum í Frístund, hefur það verið frekar óþægilegt og meira álag, með öllum öðrum störfum skólaliða, en þetta var látið ganga upp fram á vorið. Vonandi verðum við svo fullskipuð að nýju í haust. Langir dagar að vori verða fjórir að þessu sinni, þó að í reglum standi enn að Frístund loki að vori þegar skóla lýkur. Frístund verður því opin til og með föstudeginum 3. júní 2022

Heilt yfir hefur þetta verið gefandi og skemmtilegur tími í Frístundinni og líkar okkur mjög vel að vera komin á aðra hæðina í stóra og góða stofu og að hafa svona gott aðgengi að setustofunni.

Fyrir hönd skólaliða

Linda Gunnarsdóttir *forstöðumaður Frístundar*



Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta samstarfsverkefni hefur verið í svipuðu sniði milli skólanna í allmörg ár og hefur gengið mjög vel. Allir bekkir skólans hafa farið í heimsókn í leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Þá hefur skólahópur leikskólans komið reglulega í heimsóknir, í alla bekki skólans. Markmiðið er að skólahóps börnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans. Þá hafa yngstu nemendur skólans og börnin í skólahópi leikskólans farið saman í gönguferðir og boðið hvert öðru á viðburði í báðum skólunum.

Markmiðið með Gaman saman samstarfsverkefninu er að halda félagslegu tengslunum milli nemendahópa skólanna, í ljósi teymis- og samkennslu í Varmahlíðarskóla. Haldinn var kynningarfundur í haust með foreldrum barnanna í báðum hópunum. Þar var starfið kynnt og fékk góðar viðtökur. Ákveðið var að leggja 3 kennslustundir undir starfið, einn dag í viku, þar af ein kennslustund í íþróttum. Samveran var til skiptis í skólunum. Útikennsla var nýtt, eins og veður og aðstæður buðu upp á en einnig voru unnin ýmis verkefni innan dyra. Verkefnin voru margvísleg, þar sem leikur og sköpun, fengu að njóta sín. Nokkrir fastir póstar voru í hvert skipti sem við hittumst. Yfirleitt tóku nemendur skólahóps þátt í stöðvavinnu með 1. og 2. bekk. Nestistímar voru hluti af samveru okkar, hvort sem verið var úti eða inni. Gott var að hlaða batteríin og fá smá ávaxtapásu. Þar sem vinaliðafrímínútur Varmahlíðarskóla, féllu inn í samverutíma okkar, tókum við þátt í þeim þegar við vorum þar. Leikskólaval eldri nemenda lenti einnig á samstarfstíma okkar og fylgdu krakkarnir úr leikskólavalinu okkur eftir, jafnt í leik og störfum, sem og í gönguferðum á milli staða.



Frá Birkilundi tók einn kennari þátt í samstarfinu, Sigurbjörg Egilsdóttir. Sigurbjörg og Hrund hittust í sameiginlegum undirbúningstíma tvisvar yfir skólaárið og lögðu línurnar fyrir komandi mánuði hverju sinni.

Skólahóp var boðið að vera með á ýmsum uppbrotsdögum í Varmahlíðarskóla; Bekkjarskemmtun á Hrekkjavöku, vorgöngutúr, generalprufa árshátíðar yngsta stigs og útikennslu-kennslustund með 1.-4. bekk. Fyrsti og annar bekkur fóru einnig á generalprufu útskriftarleikrits skólahóps.

Íþróttatímarnir voru í höndum íþróttakennara, Sigurlínu H. Einarsdóttur. Þeir voru úti framan af hausti. Farið var í leiki uppi á íþróttavelli, gengið um nágrennið og umhverfið skoðað. Þegar kólna tók í veðri, færði hópurinn sig inn í íþróttahúsið. Krakkarnir fóru í klefana í íþróttahúsinu og lærðu að ganga um þá. Það hefur oft tekið langan tíma fyrir sum börn að aðlagast þeim aðstæðum í skólabyrjun. Gekk þetta mjög vel. Fljótlega mættu flest skólahópsbörnin í íþróttafötum innan undir fatnaði og voru eldfljót að fara í gegnum klefana. Íþróttatímarnir voru yfirleitt í formi stöðvavinnu, þar sem reyndi á margvíslega færni, sem og í formi margvíslegra hópleikja. Á vordögum var svo farið í sundtíma í stað íþróttar, en þá var það einungis skólahópur. Sóttvarnarreglur vegna Covid19 höfðu mikil áhrif á starfið okkar í vetur og varð það fyrir vikið mjög stoppult og fjaraði í raun út í mars. Það var því mun minna gert en til stóð, en við teljum að þetta verkefni hafi gengið mjög vel og hefur mikil gleði fylgt samverunni í vetur.

Birgitta Sveinsdóttir og Hrund M. Þorgeirsdóttir



Heilsueflandi grunnskóli

Um langt árabíl hefur verið unnið að því leynt og ljóst að efla líkamlega og andlega heilsu nemenda og starfsfólks skólans. Með sameiginlegu átaki hefur tekist að fá alla til þess að huga allvel að mataræði sínu og hefur gott fordæmi verið sett við skólann með því að hafa fjölbreytilegt fæði sem teljast má hollt og gott. Þó að fæði skipti máli má ekki gleyma því að annað getur haft áhrif á heilsuna og má þar helst nefna hreyfingu og mannleg samskipti.

Í heilsueflandi teymi skólans árið 2021-2022 voru Lára, Lína, Helga Rós, Sigfríður, fyrir hönd nemenda voru Daníel Smári og Arndís Katla og fyrir hönd nærsamfélagsins var Bryndís Bjarnadóttir. Kennarar í teyminu funduðu oftast saman en allt teymið hittist þó 2 sinnum í vetur.

Í daglegu starfi urðu nemendur helst varir við starf teymisins á haustdögum, en þá var boðið upp á árlega hreyfidaga með margháttuðum leikjum og æfingum, júdó, bogfimi, boltaleikir og fl., fyrsta hreyfidaginn, annan daginn var gengið að Grófargilsá og sullað og týnd ber, þriðja daginn var farið á Sauðárkrók þar sem knattspyrnu, körfubolta, badminton og frjálsíþróttadeildir tóku á móti okkur og kynntu okkur fyrir sínum greinum. Þess utan var bryddað upp á þeirri nýbreytni þegar kom fram á árið 2022 að hafa morgungöngu einu sinni í viku en þá gengu allir saman eina mílu eða svo til þess að liðka sig fyrir verk dagsins og hugsa um leið um verk dagsins og að njóta mannglegra samskipta á ævintýragönguför.

Þó að starf vetrarins hafi veitt nokkurt svigrúm gafst ekki tóm til þess að bjóða upp á allt sem hugur stóð til. Nemendur fengu þó fyrirlesara frá Ernulandi um sjálfsímynd einnig var rætt við þá um samskipti, líðan og það að vera til. Segja má að þau viðfangsefni fangi það sem máli skiptir í skóla og sé í raun hluti af námsefni margra námsgreina.



Loksins kom að því að listalestin gat komið og heimsótt okkur á vordögum, en þá störfuðu unglíngastig skólanna í skagafirði með listnemunum úr Listaháskólanum í tvo daga í Varmahlíð og enduðu þau vinnu sína með sýningu í Miðgarði í Sæluvíkunni. Miðstígs nemendur í Skagafirði hittust í Hofsóss í tvo daga og unnu saman og yngsta stigið hittist á Sauðárkróki.

Þó að gaman hefði verið að bjóða upp á fleira má gleðjast yfir því sem tókst að gera og minna á að reynslusögur þeirra sem siglt hafa um heimsins höf og farið yfir fjöllin sjö höfða til áheyrenda og getur eldmóður þannig borist til nemenda sem og hvatt þá til dáða sem og sorgarsögur geta sýnt þeim fram á að allt mögulegt getur hent í lífinu en það er alltaf leið áfram.

Heilsueflandi hópurinn fékk 300.000 króna styrk úr Lýðheilsusjóði sem á eftir að nýtast vel næsta haust.

Sent var bréf í nafni hópsins þar sem sveitarfélögin eru hvött til að skoða uppsetningu á fl. leiktækjum í Reykjarhólsskógi eins og aparólu, frísbýgolfbraut og fl. Unnið verður áfram með það verkefni og jafnvel farið í samvinnu með skógræktinni, sveitarfélaginu og styrktaraðilum.

Heilsueflandi teymi

Heilsugæsla

Skólahjúkrun í Varmahlíð veturinn 2021-2022

Viðvera hjúkrunarfræðings í Varmahlíðarskóla var einu sinni í viku frá kl. 09 -14.

Skoðun var gerð á hæð, þyngd og sjón á börnum í 1., 4., 7. og 9. bekk, einnig var tekið viðtal í þessum árgöngum um heilsu og líðan, s.s er varðar hreyfingu, hollustu, hvíld og fl.



Ýmis fræðsla var í öllum bekkjardeildum og unnið var eftir 6H heilsunnar sem samanstendur af Hollustu, hreyfingu, hvíld, hreinlæti, hamingju og hugrekki. Lögð er áhersla á um hvað fjallað er á hverju aldursbili.

Ýmislegt var uppfært í fræðslu vetrarins og má þar m.a nefna fræðslu á kynbundnu ofbeldi og samskiptum kynjanna.

Því miður þurfti einhver fræðsla að sitja á hakanum vegna verkefna er fylgdu Covid faraldrinum.

Bólusetningar fóru fram í 7 og 9 bekk þar sem börnin voru bólusett í 7 bekk við

mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu. Einnig voru stúlkur á þessum aldri sprautaðar með HPV, vörn fyrir leghálskrabbameini, 2 sprautur á 6 mánaða fresti. Börn í 9 bekk voru börnin bólusett við barnaveiki, stífkrampa og kíghósta ásamt mænusótt í einni sprautu.

Nemendur leita til hjúkrunarfræðings á viðverutíma með ýmis mál og má þar m.a nefna vegna sára, minniháttar meiðsla og eftirlits á lífsmörkum þar sem þess er óskað. Einnig hafa börn og stundum foreldrar leitað til skólahjúkrunarfræðings vegna kvíða og vanlíðunar og fengið ráðleggingar með það.

Fræðsla var veitt til kennara og nemenda vegna langvinnis sjúkdóms hjá nemenda.

Ásta Kristín Árnadóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur febrúar 2022

Undanfarin ár hafa 1. árs nemar á hestabraut á Hólum í Hjaltadal boðið nemendum í 9. bekk að koma á námskeið hjá sér - heima á Hólum. Þetta verkefni er hluti af lokaverkefni 1. árs nema og óhætt er að segja að framtakið sé til mikillar fyrirmyndar þar sem metnaður, umhyggja, þolinmæði og áhugi eru í fyrirrúmi.



Nemendur dvöldu að þessu sinni frá þriðjudegi til fimmtudags frá 9:00 að morgni til 15:00. Nemendur þurftu að vera búnir að borða morgunmat áður en þeir komu í skólann svo hægt væri að leggja strax af stað og ná að Hólum fyrir kl. 9.00

Nemendum var skipt í hópa eftir kunnáttu og getu á sviði hestamennsku.

Verkefnin voru margvísleg, bæði verkleg og bókleg. Einn kennari fylgdi hópnum hvern dag.

Skipulag og fyrirkomulag er til fyrirmyndar og flestir ef ekki allir nemendur hafa verið ánægðir með þessa daga.

Ólafur A. Sindrason

Dvöl 9. bekkjar að Laugarvatni haustið 2021

Nemendur í 9. og 10. bekk skólaárið 2021-22 fóru í ungmennabúðir að Laugarvatni ásamt umsjónarkennara í nóvembermánuði. Áætluð brottför var á mánudegi, sem dróst til þriðjudegs vegna covidsmits og komið heim á föstudegi.

Í annað sinn sameinuðust Grunnskólinn austan Vatna og Varmahlíðarskóli í rútuferð og deildu ábyrgð á hópnum sem einni heild. Það fyrirkomulag þótti takast mjög vel. Fyrir hópnum austan Vatna var Ragnheiður Halldórsdóttir - röggsöm kona og stjórnösöm í betra lagi; hinn besti ferðafélagi.

Nemendum var skipt í hópa og unnu þeir að ýmsum verkefnum sem höfðu þau markmið að efla sjálfstraust og einnig var unnið mikið með hópefli. Hópa vinna fór bæði fram inni og úti, farið var í ýmsa leiki, gönguferðir og útileiki.

Reglur á Laugarvatni eru í senn margar og strangar. Til að mynda var harðbannað að vera með síma eða sætindi og refsistig gefin ef slíkt var gert upptækt.

Nemendur voru ýmist tveir eða fleiri saman á herbergi og þeir sem áttu snyrtilegustu herbergin fengu viðurkenningu fyrir, að sama skapi var hægt að fá refsistig ef reglum var ekki fylgt eftir eða



umgengni ábótavant. Nemendur og starfsfólk hjálpuðust að við skömmtun á mat og einnig við frágang. Starfsfólk skiptist á að taka kvöld – og næturvaktir.

Skólinn tekur þátt í kostnaði fyrir dvölinni, einnig greiða nemendur úr eigin vasa.

Nemendur voru allir sammála um að dvölin hefði verið vel heppnuð og langaði í raun ekki aftur til baka í hversdagslegt skólalífið!

Ólafur Atli Sindrason

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Við hófum upplestrarhátíðina með æfingum í byrjun apríl. Hátíðin sjálf fór fram í skólanum 26. apríl í setustofu skólans og voru gestir nemendur 3. bekkjar, starfsfólk og foreldrar nemenda 4. bekkjar. Umsjónarkennarar, Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís G. Skúladóttir sáu um æfingar með nemendum, en einnig voru krakkarnir duglegir að æfa sig heima. Gerður var góður rómur að upplestrinum og var börnunum klappað lof í lófa í lokin. Það voru stoltir nemendur sem gengu af sviði þennan dag og voru foreldrar mjög hrifnir að því að fá að koma á viðburðinn og njóta með okkur. Í upphafi hátíðarinnar fengum við tvö tónlistaratriði, sem nemendur úr 3. bekk sáu um með aðstoð Helgu Rósar Indriðadóttur tónlistarkennara. Að upplestrinum loknum buðu nemendur 4. bekkjar gestum upp á kaffi, safa og kökur sem þeir höfðu sjálfir bakað. Það er okkar mat að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Leggjum við því til að þessi viðburður verði árlegur í skólastarfinu hér í Varmahlíðarskóla.

Birgitta Sveinsdóttir

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2021-2022 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara og sat teymisfundi þar sem við átti, auk þess sem hann sat nemendaverndarráðsfundi.

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkjum í Skagafirði, skoðuðu skólann, heimavistina, borðuðu mat í mótuneytinu og enduðu á því að fara á skemmtikvöld NFNV. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem nemendur 9. og 10. bekkjar fengu kynningu á FNV. Fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans.

Til stóð að nemendur í 10. bekk færu í starfskynningar í vetur en vegna Covid19 varð því miður ekkert úr því.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Nýsköpunarkeppni grunnskóla

Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk. Nemendur

höfðu frjálst val um hvort þeir tóku þátt eða ekki, en allflestir gerðu það, ýmist sem einstaklingar eða í þörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrufræði til að vinna





að hugmyndum. Ef hugmyndin var ekki fullunnin að þeim tíma liðnum, fóru nemendur með verkið heim og kláruðu þar. Héðan úr skólanum fóru rétt um 30-40 hugmyndir frá þessum þremur bekkjum.

Hugmynd þeirra Sigurbjargar Ingu Sigfúsdóttur og Sigurbjargar Svandísar Guttormsdóttur LBHA - Les Blindu Hjálpar Appið var valið sem eitt af 25 bestu hugmyndunum til að halda áfram með á vinnustofu sem haldin var í Reykjavík dagana 19. og 20. maí þar sem unnið er áfram með hugmyndirnar. Skemmst er frá að segja að þær stöllur hlutu forritunarbikar NKG og SKEMU fyrir hugmynd sína.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Hver nemandi er einstakur, ólíkum þörfum nemenda er mætt með sérkennslu og stuðningi af ýmsu tagi. Sérkennsla og stuðning við nemendur annast kennarar, sérkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennsla/stuðningur er veitt til einstaklinga eða lítilla hópa og fer fram í bekkjarstofu eða í sérkennslustofum, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni. Unnið er í teymum á hverju stigi. Í þeim vinna stuðningsfulltrúar með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustundum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi hefur aðstoðarskólalastjóri, Lára Gunnar Magnúsdóttir.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og /eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingi, Greiningarstöð ríkisins, Þroska- og hegðunarstöð eða öðrum. Einn liður í að greina námserfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa. Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagafirsku skimunarmöppunni en allir



grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Þá eru notuð lestrarpróf, Lesferill, sem gefin eru út af Menntamálastofnun og eru lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófniðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Leið til læsis í 1. bekk. Skimun í október.
- Lesferill. Leshraðapróf lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans í september, janúar og maí. Fylgiprófin sjónrænn orðaforði, nefnuhraði og orðleysur eru lögð fyrir í 1.-4. bekkí janúar.
- LOGOS lestrarskimun í 3., 6. og 9. bekk fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum Lesferils um leshraða og ekki eru greindir með dyslexiu.
- Talnalykill einstaklingsgreining í stærðfræði fyrir þá nemendur sem þurfa þykir.
- LOGOS einstaklingsgreining í lestri fyrir þá nemendur sem þurfa þykir.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk að hausti.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp. Fyrir sérhvern nemanda sem einhvers stuðnings nýtur er gerð einstaklingsáætlun. Áætlunin er unnin af umsjónarkennara nemanda í samstarfi við stuðningsaðila, svo sem kennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa. Gengið er út frá bekkjarnámsskrá ef mögulegt er og einstaklingsnámsskrá löguð jafnt að henni sem þörfum einstaklings. Þegar einstaklingsáætlun liggur fyrir er hún sýnd og rædd á teymisfundi með forráðamönnum barnsins. Einstaklingsáætlun er metin af stuðningskennara í maí og skrifuð skýrsla um framkvæmd kennslu. Sem dæmi um sérkennslu/stuðnings úrræði má nefna aðlögun námsefnis, notkun kennsluforrita, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, og notkun talgervla eins og Easy Tudor, Voice Dream Reader og Speechify. Með spjaldtölvuvæðingu nemenda gefst tækifæri á að sníða námsefni og skil þess enn betur að þörfum hvers og eins. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar og ípróttatíma í stað bóklegra ef það hentar þeim betur, einnig fá nemendur aðstoð og utanumhald við heimanám. Þá



fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er og/eða kennari metur svo, þar má nefna upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu.

Gott samstarf við heimili nemenda er mikilvægt því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í þeim tilfellum sem um mikinn stuðning er að ræða við nemendur eru haldnir reglulegir teymisfundir með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra stoðþjónustu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á fundi, svo sem ráðgefandi þroskajálfi frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkráðgjafi. Reynt er að koma því við að halda reglulega teymisfundi 2-4 sinnum yfir veturinn vegna allra nemenda sem sérlegs stuðnings njóta.

Náms- og starfsráðgjafi.

Náms- og starfsráðgjafi starfar við skólann í 50% starfi.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins s.l. vetur sátu: skólastjórnendur, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og sérfræðingur á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendur sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann leggur línur að hausti og metur þörf á talkennslu. Einstaka nemendur fá talkennslu á skólatíma en flestir hitta talmeinafræðing á stofu utan skólatíma. Ákveðin þjónusta hans fellur undir Sjúkratryggingar Íslands.

Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar sinnir greiningarvinnu við skólann. Hann kemur einu sinni í mánuði hingað á svæðið. Hann heldur skilafundi með foreldrum, umsjónarkennara, stuðningsaðilum og deildarstjóra stoðþjónustu að greiningu lokinni.



Sérfræðingur á fjölskyldusviði.

Seérfræðingur á fjölskyldusviði hefur viðveru í skólanum einu sinni í viku að jafnaði. Hann hittir nemendur í viðtölum og er starfsfólki skólans til ráðgjafar ef þurfa þykir. Hann situr fundi nemendaverndarráðs auk þess að sitja teymisfundi vegna einstakra nemenda ef um er beðið.

Greiningaraðilar utan skólans.

Ef aðilar utan skólans, svo sem Greiningarstöð ríkisins eða Þroska- og hegðunarstöð annast greiningu nemenda er venjulega haldinn skilafundur með aðilum þaðan og aðstoðarskólastjóra og umsjónarkennurum. Fundirnir eru oftast rafrænir

Lára Gunnús Magnúsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Skólahreysti

Að keppa að sameiginlegu marki er nauðsynlegt upp á liðsanda. Íþróttir eru góð leið til þess að tengja fólk böndum. Þó að skólahreysti sé fyrst og fremst einstaklingskeppni sameinast hver skóli í kringum það takmark að skara fram úr öðrum skólum með góðu, samhentum og hraustu liði.

Allmikil stemning hefur skapast kringum keppnina innan skólans og eru val tímarnir sem búa nemendur undir þessa keppni vel sóttir enda eru sæti í liðinu eftirsótt og æfa margir sig lengi, jafnvel árum saman til þess að ná draumasæti í keppnisliðinu.

Þegar líður að vori og keppni nálgast er loks komið að því að velja í lið og magnast þá spennan verulega, enda mikið í húfi. Þeir sem hlutu brautargengi í ár voru Hákon Kolka Gíslason og Arndís Óskarsdóttir í hraðabraut, Ronja Kristánsdóttir og Trausti Ingólfsson í hreystiprautum. Í sveit sem þessum eru alltaf varamenn sem geta stökkið inn hvenær sem er. Varamenn ársins voru Bríet Stefánsdóttir og Ísak Agnarsson.

Undankeppnin í ár var haldin 4. maí á Akureyri eins og venjulega. Í fyrsta sinn um nokkurt skeið var hægt að fara með stuðningsmannasveit með og gera svolitla skemmtiferð úr þessu. Auk þess að vera skemmtiferð varð þetta frægðarför, enda vann skólinn 3 greinar af 6, vann sinn riðil og komst því í árlega úrslitakeppni í Reykjavík 6. árið í röð. Rennt var til Reykjavíkur þann 21. Maí, skroppið í keilu og pizzu sporðrennt. Skólinn náði þar 6.sæti og undi vel við sitt enda mátti vel sjá á þessu keppnistímabili svo sannarlega hið sama og áttu því eftirfarandi ljóðlínur afar vel við og lýstu stemningunni:



Eitt er markið, ein er leiðin
ekkert skilur þeirra vegi, er því sama
ætla að ná.

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Upplestrarhátíð 7. bekkjar 2022

Upplestrarhátíð 7. bekkjar var haldin föstudaginn 8. apríl 2022.

Hátíðin var óvenju seint í ár vegna kórónuveirunnar.

Sjö nemendur tóku þátt og lásu ljóð og sögubrot.

Þeir sem valdir voru til að taka þátt í Stóru upplestrarhátíðinni voru Arnar Logi Róbertsson, Iðunn Kolka Gísladóttir og Marey Kristjánsdóttir til vara.



Dómarar voru Agnar Gunnarsson, Dalla Þórðardóttir og Ólafur Atli Sindrason.

Kynnar voru nemendur úr 8. bekk þær Bríet Bergdís Stefánsdóttir og Hallgerður H. V.

Þrastardóttir.

Tónlistaratriði voru tvö, flutt af Ingimar Hólm og Lilju Stefánsdóttur.

Boðið var upp á pizzusnúða, muffins, svala og kaffi en nemendur 7, bekkjar bökuðu fyrir hátíðina með aðstoð Sigfríðar heimilisfræðikennara.

Þess má geta að Iðunn Kolka Gísladóttir sigraði á lokahátíðinni sem haldin var í bóknámshúsi FNV þann 26. apríl.

Helga Sigurðardóttir

Tölvu- og upplýsingatækni

Allir nemendur skólans nota iPad að einhverju leyti við nám sitt, misjafnt er eftir nemendum, viðfangsefnum og námsgreinum að hve miklu tækin eru nýtt. Á yngsta stigi (1.-4. bekk) er fjöldi iPad tækja þannig að tæplega tveir nemendur eru um hvert tæki. Allir nemendur á miðstigi (5.-7. bekk) eru með iPad 1:1 sem eru í eigu skólans. Nemendur í 8.-10. bekk voru áður komin með iPad 1:1 og eiga allflestir nemendur í 9. og 10. bekk sjálfir sín tæki en skólinn á tækin sem 8. bekkur er með.

Seesaw var notað á skólaárinu fyrir alla á yngsta stigi. Kerfi Seesaw er nokkurs konar rafræn umsýsla á ferilmöppum þar sem hægt er að leggja fyrir verkefni og halda utan um verkefnaskil og námsmat. Á miðstigi byrja nemendur að kynnast og vinna í Google Classroom en það er nýtt í flestum námsgreinum á unglingastigi.



ChromeBook tölvur skólans í nemenda notkun eru 50 stk. Einnig á skólinn 4 MacBook fartölvur sem hafa ásamt Chromebook verið til útláns í bekkina eftir þörf. Í tölvustofu eru 15 PC borðtölvur. Allar Chromebook tölvurnar eru á vögnum og er dagleg notkun tækjanna umtalsverð í kennslustofum skólans.

Innkoma iPada og Chromebook í skólastofurnar hefur breytt vinnu- og námsumhverfi nemenda til muna. Lagt er upp með að tæknin og tækin séu námstæki og að ný vinnubrögð auki fjölbreytni og möguleika til einstaklingsmiðunar í námi. Að áherslan aukist á nemandann og vinnubrögð hvers og eins.

Áfram er gert ráð fyrir þróun kennsluhátta með auknum tækjabúnaði. Nám og kennsla er sífellt í endurskoðun með tilliti til tækni og nýrra þarfa atvinnulífs og samfélags. Ánægja er meðal nemenda, foreldra og kennara með þróun kennsluhátta og notkun tækni en það er líka brýn þörf á samvinnu og samstilltu átaki heimila og skóla. Að tækninni sé búin sú umgjörð að hún sé til gagns. Að aðilar séu samstíga í að hlúa að góðum umgengnisvenjum í meðferð tækjanna sem og í netheimum.

Hanna Dóra Björnsdóttir og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Valgreinar í 8. – 10. bekk

Valgreinar eru kenndar í átta kennslustundir á viku, tvær í senn. Nemendur velja sér fjórar valgreinar hvora önn. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 22 % af kennslu nemenda í unglingadeild. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8., 9. og 10. bekk. Öllum nemendum er skylt að vera í einni listgrein og einni verkgrein á hverju skólaári. Valgreinar voru fjölbreyttar og eru íþróttatengdar greinar alltaf vinsælar. Hér fyrir neðan má sjá þær valgreinar sem í boði voru.



Valgreinar – haustönn

Árshátíðarval:	Íris Olga Lúðvíksdóttir, Ólafur Atli Sindrason, Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Bakstur:	Sigfríður Jódís Halldórsdóttir
Íþróttaval:	Sigurlína Hrönn Einarsdótti
Leikskólaval:	Starsfólk leikskólans
Matur og menning:	Sigfríður Jódís Halldórsdóttir
Matreiðsla:	Sigfríður Jódís Halldórsdóttir
Málmsmíði:	Einar Örn Einarsson
Skólahreysti:	Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Smíðar:	Þuríður Helga Jónasdóttir
Textílmennt:	Þyrey Hlífarsdóttir
UTN fjarnám:	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
f.10 bekk	

Valgreinar – vorönn

Bakstur:	Sigfríður Jódís Halldórsdóttir
Gaman saman:	Kennarar 1.-2. Bekkjar
Hönnun og smíði:	Þuríður Helga Jónasdóttir
Íþróttaval:	Sigurlína Hrönn Einarsdótti
Landbúnaðarval:	Ólafur Atli Sindrason
Listasmiðja:	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Matur og menning:	Sigfríður Jódís Halldórsdóttir
Málmsmíði:	Einar Örn Einarsson
Skólahreysti:	Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Textílmennt:	Þyrey Hlífarsdóttir
UTN fjarnám	
f.10 bekk:	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Þrívíddarhönnun:	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Hestamennska:	Nemendur Hólaskóla

Fjögurra daga námskeið í hestamennsku hefur verið í boði fyrir 9. bekinga á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 12 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í febrúar.

Lára Gunnús Magnúsdóttir



Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. María Anna Kemp Guðmundsdóttir hefur haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 10. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa einu sinni í viku, hálf t skólaár í senn. Vinaliðar fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið, yngri vinaliða fengu að fara á námskeið í haust en vegna Covid var ekki boðið leikjanámskeið í vor. Einnig fengu allir umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 8 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 7. bekk, stelpu og stráka, eða 16 yfir skólaárið. █

Í vetur var verkefnið einnig á unglíngastigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið er úr hópi þeirra sem það gera. Þess má geta að vinaliðar nýttu salinn í íþróttahúsinu.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Þann 3. maí var þakkardagur fyrir vinaliða unglíngastigs, farið var í bíó og Hard Wok Cafe. En 6.maí fyrir yngri-og miðstigs , farið var í bíó og Kaffi Krók. Báðir hópar voru samferða með vinaliðum úr Árskóla.

Reynsla okkar í vetur sýnir að störf Vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskapa þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

Hafdís Edda Stefánsdóttir , Rikke Busk og Sif Kerger

Skólaferðalag 1.- 4. bekkjar

Þriðjudaginn 24.maí 2022

Keyrt var í Hofsós þar sem byrjað var á að leika sér glæsilegum leikvelli sem er fyrir utan grunn- og leikskólann á Hofsósi. Eftir flotta leikstund þar þá röltum við niður í fjöru og borðuðum þar nesti sem var svali, kex og möffins. Við lékum okkur svo í fjörunni og gaman að sjá hvað fjaran



er frábært leiksvæði og býður upp á svo marga möguleika fyrir krakka að skoða náttúruna, sjóinn, köngla, snigla og margt fleira. Eftir fjöruferð var gengið upp að Kaupfélaginu á Hofsósi og þar var ís í brauði fyrir alla. Síðan lá leið aftur heim í Varmahlíðarskóla þar sem við borðuðum pylsur í hádegismat og enduðum svo daginn á fatasundi í sundlaug Varmahlíðar. Mjög skemmtilegur dagur og allir skemmtu sér konunglega. Við mælum eindregið með að heimsækja Hofsós, geggjað leiksvæði hjá grunn- og leikskólanum og samkvæmt nemendum á yngsta stigi (og starfsfólki líka) er besti ís í heimi hjá Kaupfélaginu á Hofsósi.

Birgitta Sveinsdóttir

Hafdís Guðlaug Skúladóttir

Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Sara Gísladóttir

Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir

Vorferð 5. Bekkjar

Skín við sólu

Ferð okkar byrjaði við Varmahlíðarskóla og var keyrt eins og leið lá upp að Víðimýri þar sem tekið var á móti okkur og okkur sagt frá nokkrum staðreyndum um kirkjuna. Reyndar kom kirkjuvörðurinn allt of seint þar sem það hafði gleymst að við værum að koma.

Frá Víðimýri fórum við í Kringlumýri þar sem Sigurður Hansen tók á móti okkur og bauð okkur í Kakalaskála. Hann fræddi okkur örlítið um Ásbirninga á Sturlungaöld og fór með okkur í gegnum fádæma listaverkasýningu því tengt.

Næst heimsóttum við Ferjumanninn Jón Ósmann en þar fræddi kennarinn



nemendur um líf og andlát Jóns. Þar fengu allir sér hressingu, bollakökur og safa. Nemendur tóku síðan sprett yfir gömlu brúna á ósnum en þar beið rútan þeirra.

Næst var farið á 1238 og sýningin *Baráttan um Ísland* skoðuð auk þess sem nemendur fengu að upplifa sturlungaöld í sýndarveruleika.

Frá 1238 gengum við á Hard Wok og snæddum hádegisverð, pizzur, franskar, gos og ís.

Gengið var til baka en þá var farið í *Puffin and friends* sem er líka sýndarveruleikasafn en þar fengu nemendur að upplifa náttúruna og fuglalífið í Drangey í sýndarveruleika.

Nú var komið að því að halda fram í Varmahlíð en með viðkomu í Glaumbæ. Við skoðuðum safnið og gamla bæinn þar, fórum í nokkra leiki áður en við enduðum ferðina í Varmahlíðarskóla. Við vorum komin þangað fyrir heimakstur eða klukkan hálf þrjú.



Sigrún Ben, Sif Kára og Sara María

Skólaferðalag 6.- 7. bekkjar 23. maí 2022

Nemendur fengu morgunverð og síðan var lagt af stað um 8:45.

Farið var til Dalvíkur og byggðasafnið Hvoll heimsótt. Þar var farið í ratleik og ýmsir gamlir munir skoðaðir. Einnig fengum við að líta inn í Menningarhúsið og skoða bókasafnið þar. Nemendur fengu að fara í Olís til að kaupa sætindi.

Hádegisverður var snæddur á Baccalá Bar á Hauganesi, pizzahlaðborð með frönskum og gosi.

Að lokum var farið í hvalaskoðun og einnig fengu nemendur að veiða á sjóstöng. Veður var gott og allir komu sáttir og heilir heim um 17:00.

Þyrey, Helga Sig. og Sif Kára

Skólaferðalag 8. og 9. Bekkjar

Þriðjudaginn 24. maí 2022



Dagurinn byrjaði á morgunmat í skólanum og síðan var keyrt eins og leið lá á Akureyri. Þar byrjuðum við á frísbíggolfi og fótbolta á Hamarkotstúni. Eftir það fengum við leiðsögn um Hælið á Kristnesi, sem er setur um sögu berklanna. Eftir mjög áhugaverða og átakanlega sýningu var farið í Kjarnaskóg. Þar voru pylsur grillaðar fyrir rest þó að á ýmsu hafi gengið við grillið, og sykurpúðar í eftirrétt. Næst lá leið okkar í Braggapark, þar sem fólk gerði tilraunir við að sýna listir sínar á hjólabrettum og hlaupahjólum. Mjög skemmtilegt og hressandi. Eftir Braggaparkið var





flugsafn Íslands skoðað og þar á eftir skelltum við okkur í sund í Akureyrarlaug. Dagurinn endaði svo á búðarrölti og ísferð á Glerártorgi.

Stingum upp á Kajaksiglingum á Pollinum, mælum með Hælinu.

Helga Rós Sigfúsdóttir, Íris Olga Lúðvíksdóttir

Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 16. maí og komið aftur til Reykjaness þann 19. maí. Með í för ásamt 10. bekkingum, 9 talsins, voru Ólafur Atli Sindrason fararstjóri og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir umsjónarkennarar. Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 22.30 þann 15. maí á leiðis til Keflavíkur og komið þangað rétt um kl. 3.30 um morguninn 16. maí, en stutt stopp var tekið í Olís í Borgarnesi á leiðinni. Þó komið sé snemma á flugvöllinn er gott að hafa tíma upp á að hlaupa – ef eitthvað gerist á leiðinni. Færðin var einkar góð, alauður vegur og hitastig um 6-7 gráður á celsíusvarða.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins. Gist var á Cabinn City hóteli í miðborg Kaupmannahafnar. Aðstaða þar var góð. Staðsetning vegur þungt á metum þar sem röltfæri er á Aðaljárnbrautarstöðina, Tívolí, Ráðhústorg og Strikið. Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Rundetårn, Experimentarium, Ripley's (furðusafnið) o.fl. Einnig var farið í síkjasiglingu, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymsdu Strikinu.

Ferðin þótti takast með afbrigðum vel og voru nemendur og kennarar afar ánægðir þegar heim var komið. Lending á Reykjanesi var um kl. 13.50 þann 19. maí og heim í Skagafjörðinn vorum við komin um kl.20.00 - með tilheyrandi stoppi á Kentucky Fried Chicken í Mosfellsbæ.



Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Ólafur Atli Sindrason, Unnur Sveinbjörnsdóttir

Teymiskennsla á unglíngastigi

Líkt og veturinn áður var teymisvinna á unglíngastigi, 8. til 10. bekk. Samkennt var í 9. og 10. bekk en 8. bekknum sérkennt. Helga Þorbjörg var stuðningur í 8. bekk.

Umsjónarkennarar voru Íris Olga, Ólafur Atli og Unnur Erla. Umsjónarkennarar röðuðu sér ekki niður á bekki heldur höfðu sameiginlega umsjón með öllum bekkjunum. Þó sá Ólafur um fjáröflun 10. bekkjar. Samvinna teymisins gekk ákaflega vel.

Í vetur var Varmahlíðarskóli í þróunarverkefni undir handleiðslu Háskólans á Akureyri um teymiskennslu. Íris Olga sótti tíma fyrir hönd teymisins.

Mikilvægt er næsta vetur að hafa tvo samliggjandi samráðstíma fyrir teymið. Gaman væri að taka þemaverkefni fyrir með allan hópinn.

Unglíngastigsteymi



Vinadagar yngsta stigs

Vinadagar voru haldnir dagana 27. og 28. apríl 2022. Allir nemendur á yngsta stigi grunnskólanna í Skagafirði komu saman í Árskóla þessa tvo daga.

Þriðjudaginn 5. apríl hittust allir umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúar í Árskóla til að skipuleggja þessa daga. Hver árgangur skipulagði sinn sameiginlega tíma.

Dagskráin var mjög svipuð hjá árgöngunum; stöðvavinna, útivera og föndur. Á miðvikudeginum var sirkussýning í íþróttahúsinu fyrir alla árganga.

Tímaramminn var frá kl.9-13 og var hann vel nýttur, inn í tímarammanum var einnig morgunmatur og hádegismatur í Árskóla.

Við teljum að þetta hafi tekist mjög vel og var almenn ánægja meðal okkar starfsmanna og samstarfsfélaga með þetta fyrirkomulag. Starfsfólk og nemendur glaðir yfir því að geta hist aftur og gert eitthvað saman. 2-3 starfsmenn fylgdu hverjum árgangi og var það vel mannað.

*Birgitta Stefánsdóttir, Hafdís Guðlaug Skúladóttir, Hrund Malín Þorgeirsdóttir, Sara Gísladóttir,
Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir*

Vinadagar miðstigs

Dagskrá daganna var skipulögð með allmiklum fyrirvara og hófst skipulag með fundi sem fram fór á Hofsósi. Fundað var þar vegna þess að þar áttu nemendur miðstigs að hittast og dvelja saman tvo dagparta. Undirbúningur fór svo fram í gegnum tölvupóst eftir það og sá svo heimafólk um lokafrágang dagskrár svo að allar tímasetningar stemmdu.



Hver bekkur um sig naut samveru sem byggðist að mestu á hópefli, sundferðum, gönguferðum, umræðum og margs konar leikjum.

Dagskráin var ekki löng, þar eð nemendur fengu sér morgunverð í sínum skóla áður en lagt var af stað. Veður var fremur gott og var því fremur auðvelt að nýta útisvæðið til margs konar leikja.

Þó að tímarammi hafi verið knappur og ekki mikill möguleiki á frjálsum leik eða samveru gafst þó ofurlítið færi á því og nýttu nemendur það allvel.

Segja má að dagskráin hafi tekist vel og þessi tilhögun því býsna góð.

Listalestin 2021- 2022

Listalestin er verkefni á vegum [Listaháskóla Íslands](#) í samstarfi við List fyrir alla. Verkefni hefur verið á teikniborðinu síðastliðin 3 ár, hugmyndin var að skipta út hefðbundnum vinadegi í Skagafirði fyrir tveggja daga heimsókn Listalestar en sú vinna sem fram fór er ætlað unglíngastigi. Allir nemendur 8. - 10. bekkjar í öllum þremur skólum Skagafjarðar - Árskóla, Grunnskólans Austan vatna og Varmahlíðarskóla - mættu hingað í Varmahlíð dagana 27. og 28. apríl. Á sama tíma fóru nemendur yngsta stigs skólanna í Árskóla og miðstigs í GAV.





Nemendum var skipt í átta mismunandi vinnusmiðjur sem nemar Listaháskólans skipulögðu. Tveir kennarar úr skólunum voru settir á hverja smiðju og aðrir starfsmenn skólanna aðstoðuðu eftir þörfum. Að lokum var afraksturinn sýndur í Miðgarði í tengslum við Sæluviku.

Ytra mat

Eftir haustfrí fengum við heimsókn frá matsmönnum á vegum Menntamálastofnunar sem dvöldu hér í 3 daga og fylgdust með skólastarfinu. Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik- grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Ytra mat er í samræmi við grunnskólalög og við það starfa sérþjálfaðir úttektaraðilar. Þær Hanna Hjartardóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir sáu um matið hér í skólanum. Þetta er í fyrsta skipti sem Varmahlíðarskóli fær slíka úttekt.

Í heimsókn sinni skoða matsaðilar fyrirliggjandi gögn um starfsemi skólans, fara í vettvangsheimsóknir í kennslustundir og taka viðtöl við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

[Skýrsla](#) um matið liggur frammi á vef Menntamálastofnunar. Í framhaldi af matinu var unnin [umbótaáætlun](#) í skólanum og henni skilað til Menntamálastofnunar. Skýsluna og umbótaáætlun má sjá á vef stofnunarinnar.